

Samráðsgátt

Reykjavík, 21. febrúar 2025

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp um breytingu á lögum um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka.

Kauphöllin álítur að sala á eignarhlut ríkisins með almennu útboði, eins og lagt er til í frumvarpinu, sé heppileg. Slíkt fyrirkomulag er gagnsætt og stuðlar að trausti eins og nauðsynlegt er þegar sýslað er með eignum ríkisins. Einnig hleypir hún hámarksfjölda fjárfesta að borðinu og er því til þess fallin að tryggja ríkinu sanngjarnt verð fyrir hlut sinn.

Kauphöllinni hugnast einnig markmið frumvarpsins um forgang almennings og að auka líkurnar á aðkomu stórra erlendra fagfjárfesta. Aukin þátttaka almennings og erlendra fjárfesta er bæði til þess fallin að styrkja Íslandsbanka sem almenningshlutafélag og íslenskan verðbréfamarkað og þar með fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja almennt.

Kauphöllin gerir í grundvallaratriðum ekki athugasemdir við útfærslurnar sem lagðar eru til í frumvarpinu til að ná umræddum markmiðum en þykir þó að skýra mætti betur í greinargerð forgang í úthlutun til tilboðsbóka A og B á kostnað tilboðabókar C.

Kauphöllin er viljug til frekara samtals um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Magnús Harðarson

forstjóri Nasdaq Iceland